

**Ársfundur Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna
haldinn þriðjudaginn 6. maí 2014 kl. 14 í húsakynnum FÍA
Hlíðasmára 8.**



Sturla Ómarsson stjórnarformaður Eftirlaunasjóðs FÍA setti fundinn og bauð sjóðfélaga velkomna. Hann gerði tillögu um að Hafsteinn Pálsson formaður FÍA yrði kosinn fundarstjóri. Tillagan var samþykkt.

Hafsteinn Pálsson tók til máls og gerði tillögu um að Edda Björk Sigurðardóttir Eignastýringu Arion banka myndi rita fundargerð. Tillagan var samþykkt.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins og stakk upp á að sú breyting yrði á boðaðri dagskrá að farið yrði yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins á undan tryggingafræðilegri stöðu hans og komu engar athugasemdir fram. Fundurinn var því lýstur lögmætur og gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar

Sturla Ómarsson stjórnarformaður fór yfir skýrslu stjórnar.

Sturla greindi frá því að síðasta rekstrarár EFÍA, árið 2013 hafi verið hagfellt sjóðnum. Hrein raunávöxtun sjóðsins á árinu var 9,56% sem er vel fyrir ofan það lögbundna 3,5% viðmið sem lífeyrissjóðum er sett. Fimm ára raunávöxtun EFÍA er nú einnig yfir settu viðmiði eða 4,56%. Meðalávöxtun lífeyrissjóða samkvæmt Landssamtökum lífeyrissjóða er rétt um 5,5% raunávöxtun.

Sturla fór yfir eignasafn sjóðsins, sem stendur traustum fótum. Eignir sjóðsins eru að mestu í skuldabréfum með ábyrgð ríkisins, innlánnum, og dreifðu safni innlendra og erlendra hlutabréfa. Í árslok nam hrein eign til greiðslu lífeyris tæpum 23,5 milljörðum króna sem er hækkun um rúma 3 milljarða frá fyrra ári.

Því næst sagði Sturla að tryggingafræðileg staða sjóðsins hefði batnað á árinu og var heildarstaða sjóðsins jákvæð sem nemur 0,9%. Helstu ástæður bættrar stöðu sjóðsins er góð ávöxtun svo og þær skerðingar sem framkvæmdar voru á árinu. Nýr rekstrarliður hefur neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu, það er iðgjald í VIRK endurhæfingarsjóð. Væntingar eru um að örorkugreiðslur geti lækkað í kjölfarið en reynsla komandi ára mun skera úr um hversu mikil lækkunin geti orðið.

Alls greiddu að meðaltali 576 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins á árinu. Iðgjöld námu alls rúmum 1.064 milljónum og lífeyrisgreiðslur 750 milljónum króna á árinu. Lífeyrisþegar voru 172 á árinu og í árslok 2013 áttu 861 sjóðfélagar réttindi í sjóðnum.

Sturla greindi frá því að Eftirlaunasjóðurinn væri enn þátttakandi í samstarfi fjögurra lífeyrissjóða um skiptingu örorkuáhættu þar sem sjóðurinn hefur ekki náð því lögbundna lágmarki að vera með 800 sjóðfélaga sem greiða í sjóðinn. Flugmönnum er að fjölga jafnt og þétt en líklega er ekki fyrir séð að sjóðurinn nái því lágmarki í bráð.

Þátttakendur í samstarfinu eru: EFÍA, Íslenski lífeyrissjóðurinn, Lífeyrissjóður tannlækna og Lífeyrissjóður Rangæinga

Sturla greindi frá því að í kjölfar ársfundar síðasta árs kusu sjóðfélagar um breytingar á samþykktum. Fjármála- og efnahagsráðuneytið staðfesti breytingarnar síðastliðið haust eftir að sjóðfélagar samþykktu þær með yfirgnæfandi meirihluta þar sem kosningaþátttaka var 23%.

Sturla greindi frá því að söluaðilar lífeyrissparnaðar hefðu sett sig í samband við sjóðfélaga með þau skilaboð að það væri gert að beiðni EFÍA vegna bágrar stöðu og mikillar óvissu um framtíð sjóðsins. Stjórn EFÍA leit þetta mál mjög alvarlegum augum og var kvörtun send til viðeigandi aðila sem og Fjármálaeftirlitsins. Engin viðbrögð hafa borist við þeirri kvörtun en stjórnin hefur ekki orðið vör við álíka vinnubrögð síðan.

Gjaldeyrishöft þrengja fjárfestingarkosti sjóðsins verulega. Erlendar eignir eru rétt um 7,5% af heildareignum sjóðsins sem verður að teljast of lágt hlutfall þegar horft er til áhættudreifingar. Samkvæmt Landssamtökum lífeyrissjóða var erlend eign annarra lífeyrissjóða um 23% að meðaltali.

Vegna gjaldeyrishafta hafa komið upp nýjir fjárfestingamöguleikar hérlendis, margir áhugaverðir en aðrir minna áhugaverðir.

Rekstrarkostnaður EFÍA var rétt um 0,25% af heildareignum, sem er í meðaltali þegar horft er til kostnaðar annarra íslenskra lífeyrissjóða. Vegna smæðar sjóðsins verður þetta að teljast ásættanlegt þó alltaf megi gera betur. Rekstrarkostnaður íslenskra lífeyrissjóða er með því besta sem þekkist í alþjóðlegum samanburði. Samkvæmt OECD er Danmörk eina landið sem er með lægri kostnað en Ísland. Opinber gjöld eru rétt tæplega 10% af heildarkostnaði, helst FME/UBS.

Því næst fór Sturla inn á að þjónusta og samskipti við sjóðfélaga væru nauðsynlegir þættir í rekstri lífeyrissjóðs. Heimasíða sjóðsins væri lifandi og hvatti Sturla sjóðfélaga til að skoða hana reglulega. Þar væri einnig að finna reiknivél þar sem sjóðfélagar gætu borið saman greiðslur í sameign og séreign.

Sturla greindi frá því að framundan væru verkefni til að bæta þjónustu enn frekar við sjóðfélaga. Nokkuð hafi borið á því að einstaklingar væru að færa hluta iðgjaldsins í séreign sem og fyrirspurnir um breytingar á tryggingaþáttum til aukinnar réttindaöflunar vegna ellilífeyris. Stjórnin væri að hefja vinnu við að skoða alla mögulega þætti sem gætu verið til hagsbóta fyrir félagsmenn. Dæmin gætu verið meðal annars að reka séreignadeild eða fleiri en eina samtryggingarleið sem yrði með mismunandi áhættu eða með mismunandi tryggingarleiðum. Allt væru þetta þættir sem gerðu EFÍA frjálssari fyrir sjóðfélaga, þannig að hver og einn sjóðfélagi hefði meira val.

Í lokin þakkaði Sturla meðstjórnendum sínum fyrir gott samstarf sem og starfsmönnum Arion banka og nefndi þá Jón L. Árnason framkvæmdastjóra EFÍA og Marínó Örn Tryggvason forstöðumann eignarstýringar sérstaklega.

2. Ársreikningur 2013

Jón L. Árnason framkvæmdastjóri EFÍA fór yfir ársreikning sjóðsins.

Í máli hans kom fram að hækkun á hreinni eign sjóðsins væri 3,1 milljarðar. Hrein eign í lok árs 2013 var 23,4 milljarðar. Þá fór Jón yfir efnahagsreikning og sjóðstreymi sjóðsins vegna ársins 2013. Greiðslur inn í sjóðinn á árinu 2013 voru 8 milljarðar, útgreiðslur sem eru fyrst og fremst lífeyrisgreiðslur voru 814 milljónir og ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og öðrum fjárfestingum voru 7,2 milljarðar.

Jón fór yfir að laun og launatengd gjöld hefðu hækkað frá fyrra ári, tryggingafræðileg úttekt og endurskoðun hefði hækkað á milli ára sem og gjald til umboðsmanns skuldara. 10% af rekstrarkostnaði sjóðsins eru opinber gjöld, gjöld til FME og Umboðsmanns skuldara. Heildarkostnaður er 0,25% af hreinni eign í árslok, eins og fram kom í máli stjórnarformanns, sama kostnaðarhlutfall fyrir árin 2012 og 2013.

Samkvæmt tryggingafræðilegu mati eru eignir umfram skuldbindingar 556 milljónir sem er 2,5% hlutfall af skuldbindingum sjóðsins. Fjöldi sjóðfélaga sem greiddu iðgjöld í mánuði hverjum til sjóðsins er 576, lífeyrisþegar eru 172. Hrein raunávöxtun á árinu 2013 er 9,56%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin fimm ár er 4,56% og meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin tíu ár er 1,52%

Marínó Örn Tryggvason forstöðumaður Eignastýringar fagfjárfesta hjá Arion banka tók næstur til máls. Marínó fór yfir þróun markaða árið 2013.

Marínó fjallaði um ávöxtun sjóðsins og hvernig eignarsafnið er samansett.

Nafnávöxtun ársins 2013 var 13,6% og raunávöxtun 9,6% á kaupkröfu. Nafnávöxtun var 10,7% og raunávöxtun 6,8% á markaðsvirði. Marínó fór yfir sundurbrot ávöxtunar í

hverjum eignaflokki fyrir sig þ.e.a.s framlag hvers flokks til ávöxtunar. Því næst fór hann yfir samanburð á innlendu hlutabréfasafni EFÍA gagnvart helstu hlutabréfasjóðum á árinu 2013. Samsetning hlutabréfa er í takti við vísitöluna og eru um 14% af eignum sjóðsins í innlendum hlutabréfum. Markaðsaðstæður á árinu 2013 voru góðar en skuldabréf skiluðu lægri ávöxtun 2013 en ári áður. Marinó fór yfir meðaltal raunávöxtunar miðað við árslok 2013 og hreina ávöxtun tryggingadeilda á árinu 2013 þar sem EFÍA er með hæstu raunávöxtun þeirra sjóða sem birta ávöxtun sína.

Því næst fór Marinó yfir eignasamsetningu sjóðsins, sundurliðun skuldabréfa og hlutabréfa og helstu fjárfestingar ársins 2013 auk þróun markaða fram til 30. apríl 2014 í samanburði við sama tímabil árið 2013.

Fundarstjóri opnaði fyrir spurningar frá sjóðsfélögum.

Sigríður Einarsdóttir: „Hver er staðan núna á eignarhluta sjóðsins í Icelandair?“

Marinó svaraði „Við minnkuðum vægi í Icelandair, en vægi þeirra jókst engu að síður hlutfallslega í sjóðnum, þar sem gengi bréfanna tvöfaldaðist. Sjóðurinn stækkaði um 15% í fyrra. Höfum ekki verið að kaupa þessa hluti beint, en fjárfestum í sjóðum þar sem sjóðsstjórar hafa heimild til að kaupa innlend hlutabréf og hefur fjárhæðin í Icelandair hækkað þess vegna.“

3. Fjárfestingarstefna

Marinó fór yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins og nefndi að geta sjóðs til að greiða lífeyri réðist af því hvernig eignir og skuldir raðast saman. Markmiðið væri að láta eignir mæta skuldbindingum og gera helst betur en það. Eignir sjóðsins eru í verðtryggðum löngum ríkisskuldabréfum þar sem þær eignir eru líkastar skuldbindingunum sjóðsins. Litlar sem engar breytingar eru á fjárfestingarstefnu.

Fundarstjóri opnaði fyrir spurningar frá sjóðsfélögum.

Sigríður Einarsdóttir: „Sjóðurinn á um 1,1 milljarð í Icelandair. Sumir eru þeirrar skoðunar að félag eigi ekki að eiga í sínu félagi. Er það áhyggjuefni út af mögulegu verkfalli?“

Marinó svaraði: „Það er ekkert sem bannar slíkt. Það hefur verið hagfellt að fjárfesta í félaginu. 5% af eignum sjóðsins er í Icelandair. Vinnudeilur til skemmri tíma geta þó haft einhver áhrif. Sjóðurinn er að einhverju leiti að taka tillit til þessa.“

Tryggvi Baldursson: „Í framhaldi af góðri ávöxtun á síðasta ári. Raunávöxtun hefur verið meiri en verðbólga. Hvaða áhrif hefur góð raunávöxtun á greiðslu örorku og lífeyrisgreiðslna m.v. verðbólgu?“

Marinó svaraði: „Öllum eignum er á endanum ráðstafað til greiðslu á lífeyri og eftir því sem ávöxtun eigna er betri þá er sjóðurinn betur í stakk búinn til að greiða út. Tryggingastærðfræðingur sjóðsins gæti farið betur inn á þetta á eftir.“

Sigríður Einarsdóttir: „Það er búið að skerða sjóðinn um 40%, hvað þarf sjóðurinn að skila mikilli jákvæðri ávöxtun til að vinna skerðinguna til baka?“

Marinó svaraði: „Þetta er ekki svo einfalt. Eignir eru metnar með öðrum hætti í tryggingafræðilegu mati en bókhaldslega. Í tryggingafræðilegu mati er búið í gegnum endurmat að taka tillit til hluta ávöxtunar. Breytingar á forsendum tryggingafræðilegs mats t.d. lengri meðalævi og aukin örorkutíðni geta einnig haft mikil áhrif.“

Fundarstjóri spurði sjóðsfélaga hvort þeir hefðu fleiri spurningar. Svo var ekki.

4. Tryggingafræðileg staða

Vigfús Ásgeirsson tryggingastærðfræðingur fór yfir tryggingafræðilega athugun á sjóðnum fyrir árið 2013.

Vigfús útskýrði í stuttu máli hvað fælist í tryggingafræðilegri úttekt. Hann sagði að sjóðurinn þyrfti að eiga eignir til að geta greitt þann lífeyri sem sjóðfélagar hefðu fengið vilyrði um og að hlutverk tryggingafræðings væri að reikna út hve miklar þær eignir þurfa að vera. Staða sjóðsins er jákvæð, sjóðurinn á fyrir þeim lífeyri sem hann segist ætla að greiða.

Vigfús fór yfir úttekt sjóðsins í árslok 2013, breytingar á áfallinni skuldbindingu, núvirði framtíðartekna og skuldbindingar eftir aldri sjóðsfélaga.

Því næst bar hann saman iðgjöld sjóðfélaga eftir aldri á árunum 2012 og 2013.

Í meginráttum eru sjóðfélagar þeir sömu, einu ári eldri og einu ári skemur í lífeyrisaldur. Sjóðurinn hefur þ.a.l. einu ári skemur til að ávaxta féð.

Fundarstjóri þakkaði Vigfúsi fyrir og opnaði fyrir spurningar frá sjóðfélögum.

Sigríður Einarsdóttir: „Þegar sjóðurinn skilar 5% ávöxtun, er þá eðlilegt að sjóðurinn hækki lífeyrisgreiðslur?“

Vigfús svaraði „Ef tryggingafræðileg staða sjóðsins verður jákvæð um 10% eða meira verður að bregðast við samkvæmt lögum og sama á við ef staðan er jákvæð um 5 – 10% nokkur ár í röð. Á móti kemur að breytingar á útreikningi á lífslíkum geta rýrt stöðu

sjóðsins. Það verða að öllum líkindum teknar inn nýjar lífslíkur næst og ef svo verður þá kostar það 1% í tryggingafræðilegri stöðu.“

Sigríður Einarsdóttir: „Hvað með mun á lífslíkum kvenna og karla?“

Vigfús svaraði „Réttindataflan er reiknuð á einfaldan hátt og kynjahlutfall er það sama og sömu iðgjöld fyrir alla. Reynslan sker síðan úr um hver góð hún er. Staðan er góð núna en ekki gera of miklar væntingar út frá því. Reynslan hefur sýnt að ævin er að lengjast, til þess að halda í við lengri ævi, þyrfti raunávöxtun að vera 4,5%. Ef það væri meðaltalið um alla framtíð þá gætum við haldið óbreyttum réttindum. Síðan þegar nýjar lífslíkur eru teknar inn þá þyrfti að líta til fortíðar og taka inn framtíðarspár, það myndi þýða skert réttindi á móti.“

Sigríður Einarsdóttir: „Hefur verið gerður samanburður á lífslíkum flugmanna?“

Vigfús svaraði „Það hefur ekki verið gert. Réttindin í þessum sjóði eru með þeim bestu í samanburði við aðra. Mikil tryggingaréttindi til maka og barna kosta sitt og það kemur niður á ellilífeyrisréttindum. Ef ætlunin er að bregðast við vegna hærrí aldurs, þá þarf að skoða aðra þætti, hækka aldur við töku lífeyris, hækka iðgjöld, eða breyta samsetningu lífeyrisréttinda þannig að tryggingaréttindi lækki.“

Sigríður Einarsdóttir: „Hafa aðrir sjóðir verið að lækka makalífeyri?“

Vigfús svaraði „EFÍA er einn fárra sjóða sem er með ævilangan makalífeyri.“

Vigfús þakkaði áheyrnina og fundarstjóri spurði sjóðfélaga hvort þeir hefðu fleiri spurningar til Vigfúsar. Svo var ekki.

5. Skipun stjórnar og stjórnarlaun

Sturla stjórnarformaður fór yfir skipun stjórnar. Samkvæmt samþykktum sjóðsins þá eru stjórnarmenn tilnefndir, 3 af hálfu FÍA og 2 af hálfu atvinnurekenda. Jafnframt skal skipa jafn marga varamenn. Tillaga þessara aðila er að stjórnin verð óbreytt, skipuð af hálfu EFÍA:

- Sturla Ómarsson
- Geirþrúður Alfreðsdóttir
- Kristján Egilsson

Af hálfu atvinnurekenda eru það:

- Bogi Nils Bogason
- Kristín Björg Eysteinsdóttir

Varamenn:

- Úlfar Henningsson
- Guðlaugur Sigurðsson
- Linda Gunnarsdóttir
- Hlynur Elísson
- Íris Hulda Þórisdóttir

Stjórnin leggur til að halda stjórnarlaunum óbreyttum frá fyrra ári. Sturla taldi rétt er að geta þess að laun stjórnar EFÍA eru þau sömu og þau voru árið 2006. Á þeim tíma hefur vísitala neysluverðs hækkað um 62% þannig að stjórnarlaun hafa lækkað mikið í hlutfalli við lífeyri og hefur það verið stefna stjórnarinnar. Ennig rétt að nefna að frá árinu 2008 hafa stjórnarlaun í fjórum stærstu lífeyrissjóðum landsins hækkað um 70%

Fundarstjóri opnaði fyrir spurningar

Sigríður Einarsdóttir: „Er ekki eðlilegt að sjóðfélagar kjósi stjórn?“

Marinó svaraði: „Það er algengari aðferð að skipa í stjórnir lífeyrissjóða frekar en að kjósa um stjórnarmenn. Sumir sjóðir kjósa alla eða meirihluta stjórnarmanna t.d. Lífeyrissjóður verkfræðinga, Almenni lífeyrissjóðurinn og Frjálsi lífeyrissjóðurinn.“

6. Val endurskoðenda

Sturla tók til máls og greindi frá því að stjórnin legði til áframhaldandi samvinnu við PWC. Sá sem hefur séð um endurskoðunina þar er Kristinn Freyr Kristinsson. Endurskoðunarnefnd sjóðsins gerði það einnig að tillögu sinni að halda áfram samvinnu við PWC.

Fundarstjóri opnaði fyrir spurningar sem voru engar og Sturla þakkaði áheyrnina.

7. Önnur mál

Hafsteinn þakkaði stjórn EFIA og Arion banka fyrir og kom inn á að nú væri sjóðurinn kominn í jafnvægi og í stakk búinn til að standa við skuldbindingar sínar.

Örnólfur Jónsson spurði: „Er stjórnin í stakk búin til að lækka örorku og makalífeyrsréttindi?“

Sturla svaraði: „Um það var kosið árið 2009 og tillagan felld. Framundan er sú vinna að kíkja á þau mál. Þarf að skoða í víðara samhengi og nauðsynlegt að hafa val sjóðfélaga sem mest. Ein hugmynd af mörgum væri að hafa tvær samtryggingadeildir. Spurning um hversu mikið við erum að auka lífeyrisréttindi ef maka og barnalífeyrir verður skertur. Þetta er eitthvað sem stjórnin hefur rætt.“

Óskar Jóhannsson: „Er búið að reikna út lífslíkur flugmanna, er til landsmeðaltal og er hægt að reikna út lífslíkur flugmanna?“

Vigfús svaraði: „Það er ekki búið að reikna þetta út. Þetta eru flóknir útreikningar og sjóðfélagahópurinn er fámennur og þess vegna vandasamt að koma fram með tölur sem hægt er að treysta á.“

Spurningar frá sjóðfélögum voru ekki fleiri.

Sturla þakkaði Hafsteini fyrir það traust sem FÍA hefur sýnt stjórninni.

Fundarstjóri þakkaði sjóðfélögum fyrir komuna og fyrir þær spurningar sem komu fram á fundinum.

Fundi var slitið kl. 15.45



Hafsteinn Pálsson
Fundarstjóri



Edda Björk Sigurðardóttir
Fundarritari